


Svandís Svavarsdóttir
matvælaráðherra

25. júní 2023

Að loknum 29 strandveiðidögum 2023 hinn 22. júní var þorskaflinn kominn í 7.219 tonn.



Miðað við þorskafla sl. tíu daga gæti útgefinni aflaviðmiðun – 10 000 tonnum – verið náð í strandveiðivíkunni 10. – 13. júlí. Verði ekki bætt við veiðiheimildum fyrir þann tíma mun Fiskistofa stöðva strandveiðar. Hér með er þess farið á leit við yður að þér komið í veg fyrir stöðvun veiðanna með því að hækka aflaviðmið um 4 000 tonn og tryggja með því jafnræði milli landshluta.

Það er mat LS að svigrúm til þess sé fyrir hendi og því ekki eftir neinu að biða með að tilkynna ákvörðun yðar þeim 730 smábátaútgerðum sem nú stunda strandveiðar.

LS virðir skoðun yðar að fara eftir vísindalegri ráðgjöf við ákvörðun um leyfilegan heildarafla. Hvað þorskinn varðar er það skoðun LS að hækkun viðmiðunarafla til strandveiða rúmist innan þeirrar ráðgjafar. Fyrir því færir félagið eftirfarandi röksemdir þar sem þess er vandlega gætt að vera innan þess ramma sem þér hafið sett sem forsendur fyrir auknum heimildum:

1. Ástand þorskstofnsins er afar gott sem sýnir sig í að viðmiðunarstofn er vaxandi og sjómenn á öllum gerðum skipa sammála um að sjaldan hafi verið auðveldara að ná góðum afla og nú.
2. Nýleg mæling Hafrannsóknastofnunar sýnir að viðmiðunarstofn 2022 er 1 048 100 tonn, en var metinn 976 590 tonn í mars í fyrra. Það er mat LS að ný mæling gefi svigrúm upp á rúm sjö þúsund tonn til aukningar á leyfilegum heildarafla í þorski fyrir yfirstandandi fiskveiðiár.

3. Samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu vantar 2 839 tonn upp á að því magni sem ráðstafað var í heimildir utan aflahlutdeildar verði náð. Þess ber þó að geta að stór hluti þeirra 6 700 tonna sem ætluð eru til byggðakvóta til byggðarlaga og Byggðastofnunar verður ekki nýttur með veiðum á yfirstandandi fiskveiðiaári. LS áætlar að það verði samanlagt um 3 000 tonn.
4. Um miðja síðustu viku var þorskaflí fiskveiðiaársins 190 þúsund tonn. LS reiknast til að veiðiheimildir í þorski á fiskveiðiaárinu séu 212 746 tonn þar með talinn VS-aflí, undirmál og rannsóknaraflí. Þar sem nú eru fram undan sumarfrí og lokanir hjá stærstu fiskvinnslum landsins er afar ólíklegt að leyfilegum heildarafla verði náð. Fullnýting fæst því ekki nema til komi aukning heimilda til strandveiða.


Fjöldi sjómanna á strandveiðum fylgir fjölda báta þar sem í langflestum tilvikum eru ekki aðrir um borð en skipstjóri. Hagsmunir u.þ.b. eitt þúsund aðila eru því undir þegar strandveiðar eru annars vegar. Um er að ræða sjómenn, hafnarstarfsmenn, flutningsaðila, störf við fiskvinnslu, störf á fiskmörkuðum og störf sölu- og þjónustuaðila í landi, störf í smiðjum og til annarra starfa sem tengjast útgerð strandveiða.

Strandveiðar eru að hluta til háðar aflaheimildum frá tilboðsmarkaði Fiskistofu. Alls fengust í skiptum 6 056 tonn af þorski, en samkvæmt þorskígildastuðlum hefðu tonninn átt að vera 10 103, mismunur upp á 4 047 tonn.

Á fyrstu 27 dögum strandveiða er þorskaflí á dag 243 tonn. Það er 9% meiri aflí en á sama tímabili 2022. 726 bátar hafa landað afla á strandveiðum í ár á móti 663 í fyrra. Þorskaflí á bát hefur því ekki breyst milli ára, er 9 tonn að meðaltali að loknum 27 dögum þann 20. júní. Þá vekur það jafnframt athygli að meðaltalsfjöldi róðra hefur nánast ekkert breyst milli ára, 13,8 í fyrra en nú 13,6. Í maí fullnýttu 101 bátur 12 daga. Alls lönduðu 665 bátar afla í maí.

Með von um góðar undirtektir.

Virðingarfyllst



Arthur Bogason formaður



Örn Pálsson framkvæmdastjóri